

**Nd. 463. Frumvarp til laga [168. mál]**

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

**1. gr.**

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1954, 1955 og 1956.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, var heimilað að hækka verulega afskriftir ýmissa framleiðslutækja, sem tekin voru í fyrstu notkun árin 1944—1948.

Með lögum nr. 15/1949 og lögum nr. 103/1950 var ákveðið, að þessi heimild til sérstakra afskrifta skyldi einnig ná til eigna, sem teknar yrðu í fyrstu notkun árin 1949—1953 incl.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að ákvæði laganna frá 1946 verði einnig lätin ná til sams konar eigna, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1954, 1955 og 1956.